

33

4) að fyrst um sinn verði sömu lög látin gilda um Viðey, að því er snertir flutning hesta til landsins, sem um útlönd væri að ræða.

Þetta er félaginu hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar.

34

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um endurveiting hlunn-

4. apríl **inda handa sparisjóði.**

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnarnefnd sparisjóðs Húsa-
vikur, vill stjórnarráðið hérmeð veita nefndum sjóði, um næstu 5 ár frá 1. maí
næstkomandi, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunn-
indi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygg-
ing sú, sem nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikn-
ingsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að stjórnarnefnd sjóðsins
sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi.
Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann
á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið, til birtingar fyrir
stjórnarnefnd sparisjóðsins.

35

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Árnessýslu, um flutning þingstaðar.

8. apríl

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dagsettu 8. f. m., og
beiðni hreppsnefndarinnar í Grimsneshreppi, veitir stjórnarráðið hérmeð samþykki
sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sé fluttur frá Stóruborg að Minniborg,
með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þing-
stað hæfilegt hús til þinghalda.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.